

# Hugsanir eru englar

Eftir Harry Palmer

*Eftirfarandi er tekið úr fyrirlestri sem Harry Palmer hélt í janúar 1985*

Ég var að hugsa um hugsanir. Reyndar fylgdist ég með þeim líða hjá. Mér sýnist þær skiptast í deildir. Mismunandi hugsanir, kannski svipað og mismunandi ský. Ský geta verið samofin, þykk regnský, skýjabólstrar eða einfaldlega þoka. Hugsun getur verið þokukennd. Hugsanir umvafðar dökkri þoku þannig að skyggnið mælist ekki. Kannski er ástandið þannig þegar við sjáum ekki út fyrir eigin ályktanir.

Hvað sem öðru líður þá eru sumar hugsanir betri en aðrar. Allavega líður okkur betur með þær. Hugsunin “ég hafði á réttu að standa” veitir betri líðan en “kannski hafði ég rangt fyrir mér.” Það er einnig árangursríkara að hugsa “ég get gert það” en: “ég hef reynt og þetta er ekki hægt.”

Við sköpum sumar hugsanir sjálf og aðrar koma einfaldlega inn vegna þess að einhver skildi dyrnar eftir opnar. Það má líkja því við það að hugurinn sé eins konar gistiheimili og hugsanirnar séu leigjendur sem koma og fara. Þar eru óboðnir gestir og sumir eru kærkomnari en aðrir. Sumir standa einfaldlega frammi á gangi og raula sama lagið í sífellu. Þú undrar þig kannski, á því hvers vegna þú hleypir þeim inn?

Þegar leigjandi sest að til frambúðar þá ert þú komin með skoðun! Ein af skilgreiningunum á orðinu “engill” er, sendiboði eða hugsun frá Guði. Í stað þess að líta á hugsanir sem uppáþrengjandi gesti gætum við litið á þær sem engla. Það hefur oft verið gert. Í stað þess að segja “ég fékk

hugmynd” gætum við sagt “það birtist mér engill.” Og í stað þess að deila hugsunum okkar með einhverjum gætum við skipst á englum. Í stað þess að segja að veröldin hafi risið úr hugsun þá getum við sagt að hún hafi verið byggð af englum.

Vissir þú að ákveðnar stéttir engla tengjast ákveðnum gerðum hugsana? Englaskarar sem bregðast við ákveðnum gerðum hugsana.

Ef ég man rétt þá er erkiengill hærra settur en óbreyttur engill og enn ofar er eins konar furstatign – englaprinsar. Þar fyrir ofan eru eins konar konungar og keisarar. Efst í valdastiganum eru æðstu englar, Kerúbar og Serafar. Þeir eru afar völdugir og gæta hins æðsta hásetis Skaparans. Þegar þeir eru á vakt láta þeir ekkert framhjá sér fara. Kerúbum er oft lýst sem vængjuðum andlitum og stundum bera þeir logandi sverð. Seröfum er lýst sem hreinu, hvítu kærleiksljósi.

Hvers hásetis gæta þeir? Hver stýrir hugsunum þínum? Hefur þú afsalað þér völdum? Og þegar þú stjórnar frá háseti þínu hvaða hugsanir vernda þig þá og mátt þinn? Það eru þínir æðstu englar.

Stéttaskipting engla hófst á sjöttu eða sjöundu öld og flestir af fræðimönnum kirkjunnar álíta að hún hafi komið frá rithöfundur sem kallaði sig Dionysius the Areopagite. Til eru margar tilvitnanir um engla í Biblíunni. Aðallega í Jesajabók og jafnvel má finna vængjaða sendiboða í fornu

egyptsku myndletri en svo virðist sem það hafi verið Areopagite sem raðaði þeim niður í níu stéttir þar sem hver stétt var ábyrg fyrir ákveðnum þáttum sköpunarinnar. Mig grunar að Dionysius the Areopagite hafi notað líkingamál til að komast hjá því að móðga einhvern og aðeins fáir útvaldir skildu eða jafnvel grunuði hina sálfræðilegu samsvörun sem þessi skipting ber með sér.

Sennilega getum við gert okkur í hugarlund þær hugsanir sem Lúsifer, hin fallni engill, stendur fyrir. Hefur þér einhvern tíma fundist þínar eigin hugsanir vinna gegn þér? Og eru fíknir eða vöntun og þrá nokkuð annað en skref niður til lægri þrepa sjálfsblekkjandi hugsana? Eða Lúsifer.

Ég býst við því að ef við lítum á það að hinn fallni engill standi fyrir sjálfsblekkjandi hugsun fáum við vísbendingu um það hvert þannig hugsanir leiða okkur. Áður en við lendum á botninum væri áhrifaríkast að kalla á Kerúba og Serafa okkur til hjálpar. Mundu að þeir gæta hásætisins.

Það sem ég er að leiða hugann að hér er það að til eru mismunandi hugsanir og mismunandi þankagangur. Þú getur skapað hugsun. Þú situr bara og lætur hana springa út án þess að nokkuð utanaðkomandi þurfi til. Það er hugsunarengill sem þú sendir af stað en ekki hugsun sem reiðir sig á eða endurspeglar umhverfi þitt. Hugsunarengill sem þú skapar.

Þú getur skapað hugsun án nokkurrar ástæðu (hugsunarengil) og þú getur skapað ástæðu fyrir því að hafa skapað þessa hugsun. Seinni hugsunin er tilkomin vegna fyrri hugsunarinnar sem er Serafin. Hún var ekki viðbrögð við neinu, hvorki athugasemd né álit á raunveruleikanum. Sem sagt hugsunarengill sem skapaði raunveruleika.

Þessi hugmynd virðist koma sumu fólki á óvart. Það fer að velta því fyrir sér hvort sjálfvirka viðbragðs-kerfið – þar sem hugsunin er viðbragð við hvetjandi umheimi – sé götótt að einhverju leyti. Ég myndi segja að svo væri. Allavega ætti það í erfiðleikum með að útskýra hvaðan veröldin kom, sem fær það til þess að hugsa. Það neyðist til þess að fara að skapa veruleikann og segja: hann gerði þetta! Það er sniðugt bragð Við förum ekki nánar út í þá sálma hér.

Við skulum sitja í hásætinu og senda frá okkur Kerúba og Serafa til þess að skapa veröldina eins og við viljum hafa hana. Veröldin hefst með hugarenglum. Hugsanaenglum þínum. Þar hefst raunveruleikinn.

Skapaðu hugsunina, “ég er” það er “Serafahugsun.” Þú varst að skapa hana. Þú þarft ekki að ráðfæra þig við raunveruleikann til þess að staðfesta það. Hún er sönn vegna þess að þú segir að hún sé sönn!

Næst skaltu skapa hugsunina “ég skapa.” það er “Kerúbahugsun.” Þú skapar hana. Þú gætir einnig skapað “ég get ekki skapað”. Í báðum tilfellum er hugsunin sannleikur í sjálfusér – en byggir ekki á ytri veröld.

Þegar þú færð þig til þess að hugsa, þá ert þú Guð í þínum eigin heimi. Þá sendir þú frá þér engla. Þegar umheimurinn fær þig til þess að hugsa hefur þú hrpað niður í sjálfsblekkjandi hugsanir. Viðbragðs-hugsanir. Sjáðu muninn. Viðbragðs-hugsun byggir á því að veröldin hafi þá þegar verið sköpuð. Af hverjum? Ég veit það ekki en þarna er hún. Skapandi hugsun (engill), skapar raunveruleika en viðbragðshugsun skapar lygi.

Hvað er lygi? Hvað er Lúsiferhugsun sem fær þig til þess að afsala þér háseti þínu?

Hún er einfaldlega, “Ég gerði það ekki!” Þú gætir reynt að sannfæra móður þína en það virkar ekki á mig.

Þegar þú ert Guð þinnar eigin tilveru og ákveður eitthvað þá láta englarnir þínir það rætast. En þú þarft að vera Guð þinnar eigin tilveru. Til allrar ólukku þá reynir sumt fólk að skapa eitthvað með viðbragðshugsun (lygi) frekar en með skapandi hugsun (engli). Þannig er munurinn á blekkingu og hugsun sem skapar raunveruleika. Annað verður lygi að eilífu; hitt verður að staðreynd. Hugsunarengill verður að staðerynd.

Hér höfum við manneskju sem situr í flugvél. Hún lítur út um gluggann og sér að hreyfillinn logar. Ætli það framkallaði ekki hugsanaviðbrögð! “Vélin hrapar og brotlendir!” Sem betur fer er það hugsanaviðbragð annars væri engin von. Hefði það verið hugsunarengill þá væri brotlendingin staðerynd.

Leiðin til þess að takast á við þær aðstæður er að hraða sér aftur að hásetinu og taka stjórn á þeim englum sem þegar hafa verið skapaðir. Einhvern vegin þannig: “Hér sit ég í flugvél með logandi hreyfil. Ég er hræddur. Þannig er það.” (Og nú skaparðu nýja engla.) “Ég mun lifa það af! Ég er öruggur! Flugvélin er örugg!”

Það er áriðandi og einfalt. Þú verður að vera skapari til þess að skapa eitthvað. Fólk sem gerir tilraunir til þess að skapa “vegna þess að...” skapar ekki mikið. Það skapar aðallega áhyggjur. Það hefur áhyggjur og reynir að vekja upp áhyggjur hjá öðrum. Það reynir að sannfæra þig um það að ákveðnar hugmyndir eða raunveruleiki sé

máttugri en þú. Það er þvættingur. Lygi. Það hefur einfaldlega tapað öllum englunum sínum og ekki áttað sig á því að það getur skapað fleiri engla.

Það er skondinn leikur sem er sífelld í gangi. Einhver skapar hugsun. Hugsunin skapar veruleika. Veruleikinn fær fólk til þess að hugsa. Ef veruleikinn fær fólk til þess að hugsa þá er það augljóslega ekki að skapa sínar eigin hugsanir um veruleikann – nema það hafi skapað það að hin aðilinn hafi skapað þennan veruleika. Þú ert sennilega sammála því að þetta er skondinn leikur. Skondinn vegna þess að þú tapar leiknum nema þú takir ábyrgð á því að hafa skapað hina manneskjuna. Þannig er lífið.

Á meðan ég var að tala fór ég að hugsa um aðra skilgreiningu á orðinu máttur. Hún er samnefnari þess alls. Það er eiginleikinn til þess að skapa hugsanaengla.

Eruð þið sátt?

Njótið ykkar himneska gestgjafa.

Harry Palmer